



Reykjavík, 12. mars 2024

MSS24020034

UMSÖGN

Viðtakandi: Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030

Ferðamálastefna og aðgerðaáætlun til 2030 leggja mikla áherslu á sjálfbærni og samkeppnishæfni sem er í takt við framtíðarsýn Reykjavíkur. Ljóst er að mikil vinna hefur verið sett í þessa aðgerðaáætlun og gott samráð við atvinnugreinina skín í gegn.

Reykjavík kallar eftir öflugum samráði varðandi útfærslur aðgerða þar sem óljóst er hvort kostnaður lendi á herðum sveitarfélaga eða ríkis. Í því samhengi má nefna að gistináttgjald mætti einnig koma beint til sveitarfélaga eða lagabreyting gerð til að sveitarfélög geti sjálf sett á gistináttgjald. (B.4). Þá er mikilvægt að verkefni sem ætluð eru markaðs- og áfangastaðastofum séu fjármagnaðar (C.2). Auk þess verður að tryggja að veigamikið samráð verði við Faxaflóahafnir varðandi tillögu að innviðagjaldi áður en ákvörðun um slíkt verði tekin. (B5.). Þegar rætt er um sjálfbærni vegna samgangna ferðamanna er mjög mikilvægt að lögð verði áhersla á bættar almenningssamgöngur um leið og rætt er um orkuskipti. Bættar almenningssamgöngur fyrir ferðamenn draga úr kolefnisspori þeirra. Óljóst er hvort ríkið muni taka þátt í auknum kostnaði sem felst af því að bæta almenningssamgöngur fyrir ferðamenn. (C.9., D.6.) Þolmarksgreiningar skulu einnig líka tillit til vinsælla áfangastaða innan Reykjavíkur þar sem flestir ferðamenn heimsækja Reykjavík í Íslandsferð sinni (D.2, E.5.).

Varðandi aukið eftirlit með heimagistingu og hert skilyrði er ljóst að um stórt hagsmunamál er að ræða og mikilvægt að huga að öflugum samráði og að gögn um fjölda íbúða í heimagistingu séu tiltæk á hverjum tíma svo hægt sé að meta mögulegan þrýsting á húsnæðismarkað. (B.6). Þá mætti telja Reykjavík sem mögulegan samstarfsaðila þegar kemur að gagnaöflun og greiningu þar sem við gætum nýtt sömu gögn í okkar áætlanir, sérstaklega ef hægt væri að flokka þau niður á höfuðborgarsvæðið og ákveðna landshluta (aðgerðir í kafla A). Einnig skal taka tillit til þess að starfsfólk af erlendum uppruna kemur til Íslands til að vinna í ferðaþjónustu og mikilvægt er að styðja vel við þau og vinna gegn útlendingaandúð og skapa sátt í samfélaginu. Í því samhengi er einnig mikilvægt að styðja við möguleika til íslenskunáms. (C1). Varðandi öryggi ferðamanna mætti skoða sérstaklega björgunarstarf og fjármögnun björgunarsveita. (E.7).

Virðingarfyllst,
Kamma Thordarson
Miðlæg stjórnsýsla
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara



Reykjavík